

AUGLÝSING

um

65
7. desbr.**samning milli Íslands og Danmerkur um gagnkvæma afhending úr söfnum á bókum og skjölum.**

Samningur hefir verið gjörður milli Íslands og Danmerkur 15. október 1927, um gagnkvæma afhending úr söfnum á bókum og skjölum.

Samkvæmt samningi þessum lætur Ríkisskjalasafn Danmerkur af hendi til Þjóðskjalasafns Íslands skjöl, sem tilfærð eru í fylgiskjali við samninginn, og varða að mestu eða öllu leyti Ísland. Nokkrum nánara tilgreindum skjölum verður þó aðeins komið fyrir til geymslu í Þjóðskjalasafni Íslands, en þau verða eftir sem áður eign Ríkisskjalasafns Danmerkur.

Þjóðskjalasafn Íslands lætur af hendi til Ríkisskjalasafns Danmerkur tillögubækur, registranta og brjefabækur um tímabilið 1848—1904.

Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn lætur af hendi til Þjóðskjalasafns Íslands nokkur sjerstaklega tiltekin embættisskjöl, og til þessa safns skal einnig látið af hendi úr safni Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn skjöl, er á sínum tíma voru lánuð Árna Magnússyni úr íslenskum embættisskjalasöfnum, og ennfremur frá Hæstarjetti Danmerkur ýms nánara tiltekin íslensk mál, er dæmd hafa verið á tímabilinu 1802—1921.

Í samningnum eru ennfremur ákvæði um síðari afhending ef til kæmi á líkum málum og um útlán á skjölum.

Þetta er hjér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 7. desember 1927.

Tryggvi Þórhallsson.